

Miðvikudaginn 29. nóv. 1933.

Nr. 86/1933. **Guðbjörg Jónsdóttir og Sigfús Jónson**  
 gegn  
**stjórn sparisjóðs Ólafsvíkur.**

**Dómur hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Guðbjörg Jónsdóttir og Sigfús Jónson, er eigi mæta í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef þau af nýju vilja fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Mánudaginn 4. dez. 1933.

Nr. 93/1933. **Réttvísinn** (Eggert Claessen)  
 gegn

**Ólafi Jónssyni.** (Jón Ásbjörnsson).

Brot gegn 205., sbr. 208. gr. hegnl.

*Dómur aukaréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaup-  
 staðar 6. maí 1933:* Ákærður, Ólafur Jónsson, veitinga-  
 þjónn á Akureyri, sæti einföldu fangelsi í 30 daga. En  
 fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður  
 nema ákærður innan 5 ára frá uppsögn dóms þessa sæti  
 ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði  
 og sé í því dæmdur í þyngri refsingu en sektir.

Þá greiði ákærður, útg.m. Ingimar Jónssyni, Akureyri,  
 300 kr. — þrjú hundruð krónur — í skaðabætur fyrir á-  
 verka. Loks ber ákærða að greiða allan af málinu löglega  
 leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnar-  
 laun til hins skipaðs talsmanns hans, málfm. Böðvars  
 Bjarkan, Akureyri, 15 — fimmtán — krónur.

Hinar ídæmdu skaðabætur ber að greiða innan 15 daga

frá lögbirtingu dómsins og fullnægja honum að öðru leyti að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur hæstaréttar.

Afbrot ákærða ber að heimfæra undir 205., sbr. 208. gr. hegningarlaganna og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 14 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Jafnframt þykir rétt að ákveða, að fullnustu refsingar þessarar skuli, samkv. 1. gr. laga nr. 39, 16. nóv. 1907, frestað og að hún skuli niður falla, ef skilyrði laganna er fullnægt.

Í lögregluréttinum kom fram skaðabótakrafa af hálfu Ingimars Jónssonar að upphæð 1940 kr. Í réttarhaldi í lögregluréttinum 22. dez. 1932 skýrði dómarrinn að visu ákærða frá því, að krafa þessi væri komin fram, en eigi sést að álits ákærða um kröfu þessa hafi verið leitað og hennar er hvorki getið í tilkynningu dómarans til ákærða um málshöfðun gegn honum né í aukaréttarstefnunni, og verður því eigi dómur lagður á skaðabótakröfuna í þessu máli.

Ákærði greiði allan kostnað málsins í héraði og hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun verjanda hans í héraði, 60 kr., og málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 100 kr. til hvors.

Málið var tekið til dóms í héraði 18. jan. 1933, en dómur eigi kveðinn upp fyrr en 6. maí s. á. Þessi mikli dráttur á dómsuppsögninni, sem eigi hefir verið nægilega réttlættur af dómarans hálfu, er aðfinnsluverður.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Ólafur Jónsson, sæti 14 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún niður falla eftir

5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39, 16. nóv. 1907, eru haldin.

Ákærði greiði allan kostnað málsins í héraði og í hæstarétti, þar með talin málf lutningslaun hins skipaða verjanda í héraði, Böðvars Bjarkan málf lutningsmanns, 60 kr., og laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málf lutningsmannanna Eggerts Claessens og Jóns Ásbjörnssonar, 100 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Tildrög máls þessa, sem af réttvísinnar hálfu er höfðað gegn veitingaþjóni, Ólafi Jónssyni, í svokallaðri Bio-Kaffe við Ráðhústorg á Akureyri, fyrir brot gegn 18. kapitula almennra hegningarlaga handa Íslandi frá 25. júní 1869 eru þannig:

Aðfaranótt laugardagsins 22. okt. f. á. nálægt eða rétt fyrir klukkan 2, kom kærandinn í máli þessu útgerðarmaður Ingimar Jónsson, inn á svokallað Bio-Kaffe, við Ráðhústorg á Akureyri, ásamt 4 öðrum mönnum. Voru dyr veitingastofunnar opnar eða ólæstar og hittu þeir félagar þar fyrir kærða Ólaf Jónsson, veitingaþjón, en að öðru leyti var þar mannlaust.

Kærandinn Ingimar Jónsson, bað þá um öl handa þeim félögum, en kærður, neitaði, og kveðst hann sumpart hafa borið það fyrir, að svo framorðið væri orðið, en sumpart og aðallega að Ingimar skuldaði og hefði eigi borgað veitingar, er hann hefði fengið áður.

Út af þessu varð allmikið rifrildi milli Ingimars og Ólafs, og nokkur átök.

Samkvæmt réttarrannsókninni virðast áflogin hafa byrjað með því, að Ingimar hafi tekið í brjóst Ólafi og hrakið eða hrist hann nokkuð, en síðan hafi þeir báðir tekið stóla, er þeir ætluðu að nota sem barefli. En þá

skildu félagar Ingimars þá, svo eigi varð meira úr áflogunum að sinni.

Þeir félagar Ingimars fóru þá út úr veitingastofunni og var meiningin að Ingimar færi með þeim, en er þeir voru að fara út sagði Ólafur að Ingimar gæti orðið eftir og talað við sig. Fór hann þá inn í veitingastofuna aftur og lokuðu þeir Ólafur hurðinni. En þeir félagar Ingimars fóru rétt á eftir burt og heyrðu þeir aðeins litilsháttar þrusk innan úr veitingastofunni.

Eftir þetta eru engin vitni að því sem fram fór í veitingastofunni og af viðureign þeirra Ingimars Jónssonar og kærðs þar. En skýrslur þeirra eru mjög ólíkar og sundurleitar.

Í kæruskjali sínu 23. okt. f. á. fullyrðir Ingimar Jónsson, að kærður hafi sagt við sig eftir að hann hafði lokað á eftir þeim félögum hans (Ingimars) „nú drep ég þig helvítíð þeitt“. Rétt á eftir hafi kærður kastað tómrri hálf-flösku af miklu afli í andlit honum og því næst vaðið að honum með hnif í hendi og gert tvisvar tilraun til þess að reka hnifinn í brjóst honum, þetta mistókst en hann (Ingimar) særðist talsvert á úlnlið og hálsi af hnifnum og við flöskuhöggið fékk hann mjög miklar blóðnasir.

Þessar fullyrðingar hefir kærandinn staðfest í öllum aðalatriðum með framburði sínum við rannsókn málsins, en með vottorðum og réttarskýrslum læknis, er skoðaði áverka þá er kærandinn fékk í viðureign sinni við kærðan, þegar eftir kl. 2 um nóttina milli 21. og 22. okt., er sannað að hann hafi særst 6 cm. löngu og alldjúpu sári, rétt ofan við hægri handarúlnlið, litlu sári á hálsinn vinstra megin og loks að nefið var mikið bólgið og dálitlar rispur á því og upp á ennið. Blæddi kærandanum ákaft blóðnasir er læknirinn skoðaði hann, en úr sárunum á úlflið og hálsi blæddi sama sem ekki.

Kærði, Ólafur Jónsson, viðurkennir að hann hafi talað í þá átt, er þeir félagar voru að fara út úr veitingastofunni, að Ingimar skyldi verða eftir svo þeir gætu talað um skuldaviðskiptin. Hafi Ingimar þá komið inn í veitingastofuna og skellt aftur hurðinni, en hann (kærður) sett smekklásinn fyrir svo að þeir félagar Ingimars eigi kæmust inn aftur.

Þá skýrir kærður svo frá, að þegar þeir Ingimar voru

orðnir einir eftir í veitingastofunni hafi hann byrjað að skamma sig (kærðan) fyrir að hann eigi vildi veita honum. Kveðst kærður hafa svarað því, að hann (Ingimar) hafi jafnan komið fram sem dóni gegn sér, og ekki viljað borga það, sem hann átti að borga, vildi hann því helzt ekkert við hann eiga.

Nokkur fleiri orð segir kærður að hafi farið þeirra á milli, og hafi Ingimar verið orðinn afar reiður, og tekið i stól. Kveðst kærði þá hafa haldið að Ingimar ætlaði að berja hann með stólnum og því gripið tóma sóðavatnsflösku, er stóð á borði rétt við, er hann var að handleika og kastað henni í Ingimar án þess að miða henni. Hafi flaskan komið á milli augnanna á honum eða neðan til á ennið. Kveðst hann ekki hafa séð áverka á andliti Ingimars þá, en rétt á eftir hafi hann séð, að honum blæddi blóðnasir allmikið.

Kærður kveðst þessu næst hafa farið inn í búrið bakvið veitingastofuna og inn fyrir „diskinn“ þar. Hafi hann tekið í hægri hendi fat með matvælum, er þar stóð til þess að láta það inn í „diskinn“, en með vinstri hendi greip hann upp búrhníf, sem lá á „disknum“. Jafnframt kveðst hann hafa skorað á Ingimar, sem fór á eftir honum inn í búrið, að fara út og sagt að hann gæti farið út um bakdyrnar. En þá hafi Ingimar ráðist á sig og gripið um vinstri handarúln-lið hans (kærða). Hafi úr þessu orðið áflog þeirra á milli og kveðst kærður einu sinni hafa verið rétt að segja dottinn, en það hafi þó eigi orðið, og allt í einu hafi Ingimar slept sér, þotið út í gegn um veitingasalinn, opnað hurðina og skellt henni aftur og horfið. Þá segir kærður að í þessum áflogum hafi Ingimar særst án þess að hann (kærður) geti sagt hvernig það hafi atvikast, og kveðst hann hafa séð að blæddi úr handlegg hans, en ekki hafa séð sár eða blóð á hálsi hans.

Talsmaður kærðs, krefst að skjólstæðingur hans verði algerlega sýknaður af ákærum réttvísinnar í máli þessu og öll hegning látin niðurfalla, en að málsvarnarlaun til hans og annar málskostnaður verði greiddur af almannafé. Styður hann þessar dómskröfur sínar með því, að rannsóknin í málinu beri það ljóslega með sér, í öllum þeim atriðum þar sem fengizt hafa vitnisburðir annara en kæranda og kærðs um, hvað fram fór þeirra á milli,

að frásögn kærands er að ýmsu leyti röng, en frásögn kærða rétt. Færir hann sem dæmi í þessum efnun, að kærandsinn hafi sagst hafa komið að lokuðum dyrum veitingastofunnar, en þær voru ólokaðar, og að hann hafi skýrt rangt frá hvernig átökin byrjuðu milli hans og kærðs. En af þessu leiði, að þar sem framburður kærands um þann hluta af viðskiptum hans og kærðs, er vitnisburður annara vitna hafi fengizt um, hefir reynst að ýmsu leyti rangur og óáreiðanlegri en kærðs, þá beri að taka meira tillit til framburðar kærðs en kærands um þann hluta viðskiptanna, er engin vitni eru að, enda sé það í samræmi við þá sjálfsgöðu réttarfarsreglu, að þegar eitthvert atriði er ósannað í sakamáli á það ávalt að vera sakborningi til hags.

Nú hefir kærður haldið því ákveðið og óhikað fram, að kærandsinn hafi ráðizt á sig að fyrri bragði og hann (kærður) átt hendur sínar að verja. Krefst talsmaður kærðs, að skýrsla hans í þessu efni og yfirhöfuð um þau atriði í viðskiptum kærands og kærðs þessa nótt, er engin vitni eru að, verði lögð til grundvallar við dóm í máli þessu. Færir hann fyrir því ástæður þær, er að framman eru taldar, en auk þess bendir hann á að skýrsla kærands sé að ýmsu leyti ótrúlegri, en frásögn kærðs.

Kærður í máli þessu hefir viðurkennt, að hann hafi hent flösku í andlit kærands, er kom á milli augna kærands eða neðan til á enni hans. Sömuleiðis viðurkennir kærður að hafa haldið á búrhníf er þeir flugust á, hann og kærandsinn, og verður að teljast sannað að hnífur þessi hafi sært kærandsann á handlegg og hálsi enda benda sterkar líkur til þess, að kærður hafi tekið áminnstan búrhníf til varnar í áflogunum við kærandsann.

Flöskuhöggið sem kærandsinn fekk í andlitið var mjög hættulegt, en ekki er sannað, að kærandsinn muni hafa varanlegt mein af því. Hinir áverkarnir á úlflið og hálsi voru allmjög áberandi og hafa orsakað kærandsann nokkur veikindi í bili en voru ekki hættulegir.

Það er rétt fram tekið hjá talsmanni kærðs, að hann (kærður) hefir, er atburðir þessir gerðust, orðið fyrir all miklum ertingum og áleitni af hendi kærands, sem eðlilega hafa reitt hann til reiði. Sömuleiðis verður rétturinn að viðurkenna að skýrslur kærðs fyrir rétti eru í

sumum greinum sennilegri en kærands. En þetta getur þó ekki gert það að verkum, að hegning falli algerlega niður. Flöskuhöggið, og það, að kærður hafði hníf í hendi undir áflogunum, verður eigi nægilega afsakað með nauðvarnarástæðum. En við ákvörðun hegningarinnar ber að taka tillit til ertingar og áleitni kærands til niðurfærslu hennar.

Undir rekstri málsins hefir kærandinn, útgerðarmaður Ingimar Jónsson á Akureyri, krafizt, að kærður verði auk þeirrar hegningar, er hann kann að verða dæmdur í, dæmdur til að greiða honum læknskostnað, fyrir atvinnutap, skaðabætur og bætur fyrir áverka eftir reikningi að upphæð samtals kr. 1940,00.

Afbrot kærðs, sem kominn er yfir lögaldur sakamanns, fæddur 8. janúar 1890 í Reykjavík, og eigi hefir áður sætt ákæru, eða verið hengt fyrir nokkurt afbrot, nema að hann 15. júlí 1930, hefir undirgengizt að greiða 200 krónur í sekt fyrir afbrot gegn áfengislögunum, ber að álitni réttarins að heimfæra undir 205. grein almennra hegningarlaga fyrir Ísland frá 25. júní 1869, og þykir hegning sú, er hann hefir unnið til, hæfilega ákveðin 30 daga einfalt fangelsi. Svo ber að dæma kærðan til að greiða útgm. Ingimar Jónssyni á Akureyri skaðabætur og bætur fyrir áverka er virðist hæfilega ákveðnar 300 krónur. Loks ber að dæma stefnda til að greiða allan kostnað sakarinnar þar með talin málfærslulaun til hins skipaða talsmanns, málafl.m. Böðvars Bjarkan, Akureyri, 15 krónur. Með tilliti til þess, að hér er um fyrsta afbrot að ræða þykir mega ákveða, að hegningin skuli vera skilorðsbundin samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 39 frá 16. nóv. 1907.

Það hefir orðið nokkur dráttur á dómsuppsögn í máli þessu, og stafar það af annriki dómans.